

L Ö G

1

12. febr.

um samkomudag reglulegs Alþingis 1955.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1955 skal koma saman 8. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

2

21. febr.

um, að gjafir til Krabbameinsfélags Íslands skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefanda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Gjafir til Krabbameinsfélags Íslands, allt að 15 þús. kr., skal gefanda heimilt að telja til frádráttar skattskyldum tekjum sínum það ár, og reiknast gjöfin sem annar löglegur frádráttur, áður en lagðir eru á skattar til ríkis og bæjar eða sveitar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1955.

Gjört í Reykjavík, 21. febrúar 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.